

Til borgarráðs

Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2023 og fimm ára áætlunar 2023-2027

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 og forsendur fimm ára áætlunar 2023-2027, sem eru samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá 27. júní sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	7,6	4,3	2,6	2,4	2,8	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,5	1,3	0,8	0,7	0,9
Fjármunamyndun	13,6	4,6	0,9	1,9	1,9	2,8	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	12,3	17,6	6,3	3,9	2,9	2,5	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	20,3	14,3	4,1	3,3	2,0	2,1	2,1
Verg landsframleiðsla	4,3	5,1	2,9	2,2	2,5	2,4	2,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	6,0	3,8	3,7	3,8	3,9	3,9	3,9
Vísitala neysluverðs	4,4	8,8	4,9	3,3	2,6	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-2,4	-5,6	-1,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	8,3	9,1	5,5	4,2	4,2	4,1	4,1

Tafla 1: Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Vísitala neysluverðs árið 2022 byggir á raunþróun ársins en árin 2023-2027 er miðað við þjóðhagsspá Hagstofu.

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2022 og 2023, þ.e. á milli ársloka 2021 og 2022 annars vegar og ársloka 2022 og 2023 hins vegar. Hækkun innri leigu milli fjárhagsáætlunar 2022 og fjárhagsáætlunar 2023 er 4,1%.

Breyting vísitölu neysluverðs milli ársloka (%)	2022	2023
Vísitala neysluverðs innan ársins	8,8%	4,9%

Efnahagshorfur

Hagstofan gerir ráð fyrir 5,1% hagvexti í ár, vöxturinn verði kraftminni á næsta ári eða 2,9% og verði svo á bilinu 2,2-2,5% árin 2024-2027. Helstu drifkraftar hagvaxtar á tímabilinu verða útflutningur og einkaneysla en innflutningur mun dragast saman.


Heimilin standa nokkuð vel eftir faraldurinn og geta gengið á uppsafnaðan sparnað. Sterkari vinnumarkaður og launahækkningar hafa styrkt vöxt einkaneyslu en búast má við að raunvöxtur hennar lækki á næstunni vegna aukinnar verðbólgu. Hagstofan gerir ráð fyrir að einkaneyslan verði 4,3% í ár en lækki næstu ár og verði á bilinu 2,4-2,8% árin 2023-2027. Gert er ráð fyrir að vöxtur samneyslu verði í kringum 1,3-1,5% árin 2022-2024 en verði svo í kringum 0,8% á tímabilinu 2025-2027. Reiknað er með því að fjárfesting aukist um 4,6% í ár, 0,9% árið 2023 og verði svo á bilinu 1,9-2,8% út spátímabilið.

Útflutningur hefur aukist talsvert eftir afléttingu sóttvarnartakmarkanna og var um 28,3% vöxtur á fyrsta ársfjórðungi. Helsta ástæðan er að ferðaþjónustan er að ná fyrri styrk og býst Hagstofan við að ferðamenn verði í ár um 90% af fjöldanum sem heimsótti landið árið 2019. Á móti vegur aukin verðbólga og sterkara gengi sem gæti dregið úr eyðslu ferðamanna. Reiknað er með að útflutningur aukist um 17,6% í ár og um 6,3% árið 2023.

Innflutningur jókst um tæp 34% á fyrsta ársfjórðungi. Þetta má skýra vegna mikillar fjölgunar utanlandsferða og kröftugs vöruinnflutnings. Hagstofan býst við að innflutningur aukist um 14,3% í ár og um 4,1% á næsta ári.

Atvinnuleysi mældist 6% á síðasta ári, mikill viðsnúningur hefur verið á vinnumarkaði og vinnumagn aukist um tæp 9% á fyrsta ársfjórðungi í ár frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Mikil eftirspurn er eftir starfsfólki og voru um 6400 störf laus á fyrsta ársfjórðungi sem er 52% aukning frá fyrra ári.

Sé litið til Reykjavíkur þá hefur almennt atvinnuleysi lækkað talsvert og var í apríl um 4,8% og hefur ekki verið lægra síðan í desember 2019. Fjöldi starfandi í Reykjavík hefur verið að fjölga undanfarið og er núna í kringum 70 þúsund sem er svipað og árið 2019. Á höfuðborgarsvæðinu hefur hlutfall starfandi verið að hækka og er núna í kringum langtímameðaltal. Meðalfjöldi unninna vinnustunda á höfuðborgarsvæðinu lækkaði vegna faraldursins en hefur ekki verið hækka aftur þrátt fyrir meiri spennu á vinnumarkaði vegna styttingu vinnuvikunnar. Hagstofan gerir ráð fyrir 3,8% atvinnuleysi í ár og atvinnuleysi verði svo á bilinu 3,7-3,9% frá 2023-2027.



Verðbólgan er orðin hærri og þrálátari en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir en í júlí hækkaði vísitalan um 9,9% frá fyrra ári sem er mesta árshækkun síðan 2009. Helsti drifkraftur verðbólgu síðustu mánuði er gríðarleg hækkun á húsnæðisverði en alþjóðleg verðbólga hefur einnig hækkað verð á innfluttum vörum og aðföngum til innlendrar vöruframleiðslu. Alþjóðlega verðbólgan hefur aukist vegna hagstjórnarviðbragða ríkja í heimsfaraldrinum, mikillar röskunar á framleiðslukeðjum vegna faraldursins, vegna innrásar Rússlands í Úkraínu og afleiddra efnahagsþvingana. Seðlabanki Íslands hefur brugðist við hækkanði verðbólgu með hækkan stýrivaxta og hefur bankinn hækkað stýrivexti um 4,75%-stig frá því að vaxtahækkunarferli bankans hófst í maí 2021. Hagstofan gerir ráð fyrir 4,9% verðbólgu árið 2023 og um 2,5-3,3% á tímabilinu 2024-2027.

Gengi krónunnar hefur styrkst á árinu sem hefur hjálpað til við að draga úr áhrifum verðhækkana erlendis á innlenda verðþróun. Hagstofan reiknar með að gengi krónunnar styrkst um tæp 5,6% í ár og um 1,5% á næsta ári og verði stöðugt eftir það.

Gríðarleg eftirspurn hefur verið á húsnæði og hefur íbúðaverð hækkað umtalsvert og er 12 mánaða hækkun húsnæðisverðs í maí um 24%. Fasteignamarkaðurinn mun líklega kólna eitthvað í haust í kjölfar stýrivaxtahækkana Seðlabankans. Aukið framboð er í kortunum en samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í febrúar og mars hefur íbúðum í byggingu fjölgað um 21% frá september 2021. Einnig hefur íbúðum til sölu farið hægt fjölgandi frá því í febrúar.

Hagstofan gerir ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 6,3% á þessu ári og um 10,3% árið 2023. Gert er ráð fyrir vexti á bilinu 3,0-4,3% fyrir tímabilið 2024-2027. Hagstofan birtir ekki spá um íbúðarverð en Landsbankinn spáir 20% hækkun á nafnverði í ár, 8% á næsta ári og 4% árið 2023.

Verðvísitala raunverðs atvinnuhúsnæðis hækkaði um 11,1% í fyrra eftir að hafa lækkað örlítið árið 2020. Vísitalan er núna um 15% yfir metinni langtímaleitni og er á svipuðum slóðum og frá því fyrir heimsfaraldurinn. Hlutfall atvinnuhúsnæðis sem laust er til leigu af tilbúnu atvinnuhúsnæði hefur dregist saman síðan árið 2019. Í fyrra jókst velta atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu um 82% að raunvirði og hefur ekki verið meiri síðan 2007. Neikvæð áhrif faraldursins á atvinnuhúsnæði virðist því hafa verið skammvinn og metur Seðlabankinn að staðan á markaðinum sé almennt nokkuð góð.

Árshækkun launavísitölunnar var 8,1% í júní en vegna verðbólgu hefur kaupmáttur lækkað. Hagstofan býst við því að raunlaun hækki um 0,3% í ár og 0,6% á næsta ári en mikil óvissa er um þróun launa þar sem helstu kjarasamningar renna út á árinu og í byrjun 2023. Hagstofan gerir ráð fyrir launavísitalan verði 7,8% í ár og 5,5% árið 2022 en verði svo í á bilinu 4,1-4,2% út spátímabilið.

Mikil óvissa ríkir um efnahagsþróun og geta margir óvissuþættir haft áhrif á forsendur Hagstofu. Innanlands snýr hún aðallega að verðbólguþróun, kjarasamningum og íbúðaverði. Erlendis ber helst að nefna framvindu stríðsins í Úkraínu og áhrif þess á hrávöruverð, verðbólgu og kaupmátt ferðamanna sem sækja Ísland heim.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*